

Leiðrétting á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/37/EB frá 29. apríl 2004 um verndun starfsmanna gegn áhættu vegna áhrifa af krabbameinsvöldum eða stökkbreytivöldum á vinnustað (sjötta sértilskipun í skilningi 1. mgr. 16. gr. tilskipunar 89/391/EBE) (kerfisbundin útgáfa)

(Stjórnartíðindi Evrópusambandsins L 158 frá 30. apríl 2004)

Tilskipun 2004/37/EB verði svohljóðandi:

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2004/37/EB

2008/EES/36/06

frá 29. apríl 2004

um verndun starfsmanna gegn áhættu vegna áhrifa af krabbameinsvöldum eða stökkbreytivöldum á vinnustað (sjötta sértilskipun í skilningi 1. mgr. 16. gr. tilskipunar 89/391/EBE) (*)

(kerfisbundin útgáfa)

EVROPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFU,

stökkbreytivöldum á vinnustöðum og einnig ætlað að veita öllum starfsmönnum í Bandalaginu lágmarksvernd.

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 2. mgr. 137. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna⁽¹⁾,

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans⁽²⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Tilskipun ráðsins 90/394/EBE frá 28. júní 1990 um verndun starfsmanna gegn áhættu vegna áhrifa af krabbameinsvöldum á vinnustað (sjötta sértilskipun í skilningi 1. mgr. 16. gr. tilskipunar 89/391/EBE)⁽³⁾ hefur verið breytt nokkrum sinnum í veigamiklum atriðum⁽⁴⁾. Til glöggvunar og hagræðingar ber því að kerfisbinda tilskipunina.
- 2) Til að tryggja öryggi og heilsu starfsmanna er brýnt að farið sé að lágmarkskröfum þeim sem ætlað er að tryggja betur öryggi og hollustu með því að veita starfsmönnum vernd gegn áhættu vegna váhrifa af krabbameins- eða

- 3) Tilskipun þessi er sértilskipun í skilningi 1. mgr. 16. gr. tilskipunar ráðsins 89/391/EBE frá 12. júní 1989 um lögleiðingu ráðstafa er stuðla að bættu öryggi og heilsu starfsmanna á vinnustöðum⁽⁵⁾. Ákvæði þeirrar tilskipunar gilda því að fullu um það þegar starfsmenn verða fyrir váhrifum krabbameinsvalda eða stökkbreytivalda, sbr. þó strangari og/eða sértækari ákvæði sem er að finna í þessari tilskipun.

- 4) Tryggja skal samræmda vernd gegn áhættu vegna krabbameinsvalda eða stökkbreytivalda í öllu Bandalaginu og sú vernd skal ekki ákveðin með ítarlegum forskriftum heldur með ramma almennra meginreglna til að gera aðildarríkjum kleift að beita lágmarkskröfunum á samræmdan hátt.

- 5) Kímfrumustökkbreytivaldar eru efni sem geta valdið varanlegum breytingum á magni eða uppbyggingu erfðaefnis frumu; það getur síðan leitt til breytingar á svipfarseiginleikum frumunnar og yfirferst á næstu kynslóðir dótturfrumna.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 229, 29.6.2004, bls. 23. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 134/2005 frá 21. október 2005 um breytingu á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum, vinnuréttur og jafnrétti kynjanna) við EES-samninginn, sjá EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 4, 19.1.2006, bls. 5.

(¹) Stjtið. EB C 368, 20.12.1999, bls. 18.

(²) Álit Evrópuþingsins frá 2. september 2003 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB) og ákvörðun ráðsins frá 30. mars 2004.

(³) Stjtið. EB L 196, 26.7.1990, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 1999/38/EB (Stjtið. EB L 138, 1.6.1999, bls. 66).

(⁴) Sjá IV. viðauka, A-hluta.

(⁵) (Stjtið. EB L 183, 29.6.1989, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1882/2003 (Stjtið. ESB L 284, 31.10.2003, bls. 1).

- 6) Líklegt er að kímfrumustökkbreytivaldar hafi krabbameinsvaldandi áhrif vegna verkunarmáta þeirra.
- 7) Í VI. viðauka við tilskipun ráðsins 67/548/EBE frá 27. júní 1967 um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnáslufyrirmælum um flokkun, þökkun og merkingu hættulegra efna⁽¹⁾ eru viðmiðanir um flokkun og reglur um merkingu hvers efnis.
- 8) Í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/45/EB frá 31. maí 1999 um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnáslufyrirmælum aðildarríkjanna um flokkun, þökkun og merkingu hættulegra efnablandna⁽²⁾ eru upplýsingar um viðmiðanir um flokkun og reglur um merkingu fyrir slíkar efnablöndur.
- 9) Starfsmenn skulu verndaðir við allar starfsaðstæður með tilliti til efnablandna sem innihalda einn eða fleiri krabbameinsvalda eða stökkbreytivalda og gegn krabbameins- eða stökkbreytivaldandi efnasamböndum sem myndast á vinnustöðum.
- 10) Nauðsynlegt er að taka tillit til allra upptökuleiða fyrir sum efni, þ.m.t. möguleikinn á upptöku í gegnum húð, til að tryggja eins mikla vernd og hugsanlegt er.
- 11) Þó að vísindaleg þekking sé um þessar mundir ekki næg til að unnt sé að setja tiltekið lágmark og fullyrða að neðan þess sé heilsu manna engin hættu búin mun hættan samt sem áður minnka ef dregið er úr því að starfsmenn verði fyrir váhrifum krabbameins- eða stökkbreytivalda.
- 12) Til að draga úr áhættunni er rétt að setja viðmiðunarmörk og önnur tengd ákvæði fyrir alla krabbameinsvalda eða stökkbreytivalda sem nægar upplýsingar eru til um, þ.m.t. vísindaleg og tæknileg gögn.
- 13) Líta ber á viðmiðunarmörk fyrir váhrif í starfi sem mikilvægan þátt í almennu fyrirkomulagi til að vernda starfsmenn. Þessi viðmiðunarmörk ber því að endurskoða þegar þess gerist þörf vegna nýrri, vísindalegra gagna.
- 14) Fylgja ber varúðarreglunni við heilsuvernd starfsmanna.
- 15) Gera verður forvarnarráðstafanir til að vernda öryggi og heilsu starfsmanna sem komast í snertingu við krabbameins- eða stökkbreytivaldandi efni.
- 16) Þessi tilskipun er raunhæft skref í þá átt að gera félagsmálalátt innri markaðarins að veruleika.
- 17) Samkvæmt ákvörðun ráðsins 74/325/EBE⁽³⁾ hafði framkvæmdastjórnin samráð við ráðgjafarnefndina um öryggi og heilsuvernd á vinnustöðum með það fyrir augum að gera tillögur um það hvaða tilskipanir verða teknar upp í þessa tilskipun.
- 18) Þessi tilskipun er með fyrirvara um skyldur aðildarríkjanna varðandi fresti til lögleiðingar sem fjallað er um í B-hluta IV. viðauka.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. KAFLI

ALMENN ÁKVÆÐI

1. gr.

Markmið

1. Markmiðið með þessari tilskipun er að vernda starfsmenn gegn hættu sem ógnað getur öryggi þeirra eða heilsu og þar með að koma í veg fyrir hættu sem að þeim steðjar eða kann að steðja að þeim vegna þess að þeir verða fyrir váhrifum af krabbameinsvöldum á vinnustöðum.

Í tilskipuninni er mælt fyrir um sérstakar lágmarkskröfur á þessu sviði, þ.m.t. viðmiðunarmörk.

2. Þessi tilskipun gildir ekki um starfsmenn sem verða einungis fyrir váhrifum af geislun sem stofnsáttmáli Kjarnorkubandalags Evrópu tekur til.

3. Ákvæði tilskipunar 89/391/EBE gilda að fullu um allt sviðið sem um getur í 1. mgr., sbr. þó strangari og/eða sértækari ákvæði í þessari tilskipun.

4. Ákvæði þessarar tilskipunar gilda að því er varðar asbest, sem er fjallað um í tilskipun 83/477/EBE⁽⁴⁾, ef þau tryggja betur öryggi og heilsuvernd á vinnustöðum.

⁽¹⁾ Stjtið. EB 196, 16.8.1967, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 807/2003 (Stjtið EB L 122, 16.5.2003, bls. 36).

⁽²⁾ Stjtið. EB L 200, 30.7.1999, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1882/2003.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 185, 9.7.1974, bls. 15. Ákvörðunin var felld úr gildi með ákvörðun ráðsins frá 22. júlí 2003 (Stjtið. EB C 218, 13.9.2003, bls. 1).

⁽⁴⁾ Tilskipun ráðsins 83/477/EEC frá 19. september 1983 um verndun starfsmanna gegn áhættu vegna áhrifa af asbesti á vinnustöðum (önnur sértílskipun í skilningi 8. gr. tilskipunar 80/1107/EBE) (Stjtið. EB L 263, 24.9.1983, bls. 25). Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/18/EB (Stjtið. ES L 97, 15.4.2003, bls. 48).

2. gr.

3. gr.

Skilgreiningar

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „krabbameinsvaldur“:

- i. efni sem uppfyllir skilyrði 1. eða 2. flokks krabbameinsvalda sem koma fram í VI. viðauka við tilskipun 67/548/EBE,
- ii. efnablanda sem samsett er úr einu efni eða fleiri, sem um getur í i. lið, þar sem styrkur eins efnis eða fleiri uppfyllir kröfur um styrkleikamörk blöndu sem flokkast í 1. eða 2. flokk krabbameinsvalda en þær koma annaðhvort fram í:
 - I. viðauka við tilskipun 67/548/EBE eða
 - B-hluta II. viðauka við tilskipun 1999/45/EB þar sem efnið eða efnin koma ekki fyrir í I. viðauka við tilskipun 67/548/EBE eða koma þar fyrir án styrkleikamarka,
- iii. efni, efnablanda eða vinnsluferli sem um getur í I. viðauka við þessa tilskipun, sem og efni eða efnablanda sem leysist úr læðingi við vinnsluferli af því tagi sem um getur í þeim viðauka,

b) „stökkbreytivaldur“:

- i. efni sem uppfyllir skilyrði 1. eða 2. flokks stökkbreytivalda sem koma fram í VI. viðauka við tilskipun 67/548/EBE,
- ii. efnablanda sem samsett er úr einu efni eða fleiri, sem um getur í i-lið, þar sem styrkur eins efnis eða fleiri uppfyllir kröfur um styrkleikamörk blöndu sem flokkast í 1. eða 2. flokk stökkbreytivalda en þær koma annaðhvort fram í:
 - I. viðauka við tilskipun 67/548/EBE eða
 - B-hluta II. viðauka við tilskipun 1999/45/EB þar sem efnið eða efnin koma ekki fyrir í I. viðauka við tilskipun 67/548/EBE eða koma þar fyrir án styrkleikamarka,

c) „viðmiðunarmörk“: nema annað sé tekið fram, takmörk á tímavegnu meðaltali styrks „krabbameins- eða stökkbreytivalda“ í lofti á öndunarsvæði starfsmanns á tilteknu viðmiðunartímabili, eins og greint er frá í III. viðauka við þessa tilskipun.

Gildissvið — Ákvörðun og mat á hættu

1. Þessi tilskipun gildir um starfsemi þar sem starfsmenn verða fyrir eða kunna að verða fyrir váhrifum af krabbameinsvöldum eða stökkbreytivöldum í starfi.

2. Þegar líklegt er að starfsemi hafi í för með sér hættu á váhrifum af krabbameins- eða stökkbreytivöldum þarf ætíð að ákvarða eðli og stig váhrifanna og hve lengi starfsmenn verða fyrir þeim, til að unnt sé að meta hvaða hætta er búin heilsu eða öryggi starfsmanna og ákveða til hvaða ráðstafana á að grípa.

Matið verður að fara fram með reglubundnu millibili og ætíð ef breyting verður á þeim aðstæðum sem geta skipt máli varðandi það hvort starfsmenn verði fyrir váhrifum af krabbameins- eða stökkbreytivöldum.

Vinnuveitanda er skylt að láta ábyrgum yfirvöldum í té upplýsingar sem liggja að baki téðu mati, fari þau fram á það.

3. Þegar áhættan er metin skal hafa í huga allar aðrar váhrifaleiðir, t.d. upptöku í og/eða gegnum húð.

4. Við áhættumatið ber vinnuveitanda að huga sérstaklega að áhrifum á heilsu eða öryggi sérstakra áhættuhópa og skal hann m.a. taka mið af því að æskilegt er að þeir sem til slíkra áhættuhópa teljast séu ekki við vinnu þar sem þeir kunna að komast í snertingu við krabbameins- eða stökkbreytivalda.

II. KAFLI

SKYLDUR VINNUVEITENDA

4. gr.

Dregið úr notkun efna eða önnur notuð í staðinn

1. Vinnuveitandi skal draga úr notkun krabbameins- og stökkbreytivalda á vinnustað, einkum með því að nota þess í stað, eftir því sem er tæknilega mögulegt, efni, efnablöndu eða vinnsluferli sem við þær aðstæður er ekki hættuleg eða er síður hættuleg heilsu starfsmanna eða öryggi, eftir því sem við á.

2. Vinnuveitanda ber að leggja niðurstöður athugana sinna fyrir hlutaðeigandi yfirvöld, sé farið fram á það.

5. gr.

Komið í veg fyrir váhrif og dregið úr þeim

1. Leiði niðurstöður mats þess sem um getur í 2. mgr. 3. gr. í ljós að heilsu eða öryggi starfsmanna sé hætta búin verður að koma í veg fyrir að starfsmenn verði fyrir váhrifum.

2. Sé ekki tæknilega mögulegt að nota, í stað krabbameins- eða stökkbreytivalds, efni, efnablöndu eða vinnsluferli sem við þær aðstæður er ekki hættuleg eða er síður hættuleg heilsu eða öryggi starfsmanna skal vinnuveitandi tryggja að krabbameins- eða stökkbreytivaldurinn sé framleiddur og notaður í lokuðu kerfi að svo miklu leyti sem það er tæknilega raunhæft.

3. Ef lokað kerfi er ekki tæknilega mögulegt skal vinnuveitandi tryggja að starfsmenn verði fyrir eins litlum váhrifum af völdum efna og tæknilega er mögulegt.

4. Váhrifin skulu ekki fara yfir viðmiðunarmörkin fyrir krabbameinsvald sem eru sett fram í III. viðauka.

5. Hvenær sem krabbameins- eða stökkbreytivaldar eru notaðir skal vinnuveitandinn gera allar þær ráðstafanir sem hér fara á eftir:

- a) takmarka magn krabbameins- eða stökkbreytivalda á vinnustað,
- b) sjá til þess að sem fæstir starfsmenn verði fyrir váhrifum eða kunni að verða fyrir váhrifum af efnunum,
- c) haga vinnu og tæknilegu eftirliti þannig að komist sé hjá því að krabbameins- eða stökkbreytivaldar berist út á vinnustað eða slíku sé haldið í lágmarki,
- d) fjarlægja krabbameins- og stökkbreytivalda þar sem þeir eiga upptök sín, með söghreinsibúnaði á staðnum eða almennri loftræstingu, og skulu allar þessar aðferðir vera viðeigandi og samrýmast nauðsyn þess að vernda heilsu almennings og umhverfið,
- e) nota tiltækar aðferðir sem við eiga til að mæla krabbameins- eða stökkbreytivalda, einkum til að uppgötva í tíma ef starfsmenn verða fyrir óeðlilegum váhrifum af völdum ófyrirsjáanlegs atburðar eða slyss,
- f) beita starfsháttum og vinnuaðferðum sem við eiga,
- g) gera ráðstafanir til verndar starfsmönnum almennt og/eða, sé ekki með öðrum ráðum hægt að komast hjá því að þeir verði fyrir váhrifum, ráðstafanir til að vernda einstaklinga,
- h) gera hreinlætisráðstafanir, einkum sjá til þess að gólf, veggir og aðrir yfirborðsflatir séu þrífir reglulega,
- i) veita starfsmönnum upplýsingar,
- j) hafa hættusvæði afmörkuð og viðvörunar- og öryggisskilti fullnægjandi, þ.m.t. skilti um bann við reykingum á stöðum þar sem starfsmenn verða fyrir eða kunna að verða fyrir váhrifum af krabbameins- eða stökkbreytivöldum,
- k) gera áætlanir um viðbrögð í neyðartilvikum er leitt geta til þess að menn verði fyrir óeðlilega miklum váhrifum,

- l) sjá til þess að geymsla, meðhöndlun og flutningur sé með öruggum hætti, einkum með því að notuð séu þétt ílát sem eru greinilega og áberandi merkt,
- m) sjá til þess að starfsmenn safni saman úrgangi, geymi hann og fargi honum á öruggan hátt, þ.m.t. að notuð séu þétt ílát sem eru greinilega og áberandi merkt.

6. gr.

Upplýsingar til lögbærna yfirvalda

Leiði niðurstöður mats þess sem um getur í 2. mgr. 3. gr. í ljós að heilsu eða öryggi starfsmanna sé hættu búin ber vinnuveitendum, ef farið er fram á það, að veita lögbæru yfirvaldi viðeigandi upplýsingar um:

- a) þá starfsemi og/eða þau iðnaðarframleiðsluferli sem um er að ræða, þ.m.t. ástæður þess að krabbameins- eða stökkbreytivaldar eru notaðir,
- b) magn af efnunum eða efnablöndum, sem framleiddar eru eða notaðar og innihalda krabbameins- eða stökkbreytivalda,
- c) hve margir starfsmenn verða fyrir váhrifunum,
- d) hvaða forvarnarráðstafanir eru gerðar,
- e) hvaða gerðir hlífðarbúnaðar eru notaðar,
- f) eðli og umfang váhrifanna,
- g) hvar unnt væri að nota önnur efni í staðinn.

7. gr.

Ófyrirséð váhrif

1. Ef ófyrirsjáanlegt atvik eða slys verður þannig að líklegt er að starfsmenn verði fyrir óeðlilegum váhrifum er vinnuveitanda skylt að upplýsa þá um það.
2. Þar til eðlilegt ástand er aftur komið á og komist hefur verið fyrir orsakir óeðlilegu váhrifanna:
 - a) er einungis þeim starfsmönnum, sem nauðsyn ber til að starfi að viðgerðum og öðrum nauðsynlegum verkefnum, heimilt að vinna á svæðinu sem um ræðir,
 - b) er skylt að sjá hlutaðeigandi starfsmönnum fyrir hlífðarfatnaði og öndunargrímum sem þeim er gert að bera; óheimilt er að láta starfsmenn verða fyrir váhrifunum lengi í einu og skal hver þeirra ekki verða fyrir þeim lengur en komist verður hjá,
 - c) skal óvörðum starfsmönnum ekki leyft að vinna á svæðinu sem um ræðir.

8. gr.

Fyrirsjáanleg váhrif

1. Við tiltekin verk á borð við viðhald, þar sem búast má við að starfsmenn verði fyrir verulega meiri váhrifum en ella og þar sem gripið hefur verið til allra tiltækra, tæknilegra forvarnarráðstafana til að þeir verði fyrir sem minnstum váhrifum, ber vinnuveitanda, að höfðu samráði við starfsmenn og/eða fulltrúa þeirra í fyrirtækinu eða starfsstöðinni, en án þess að það skerði ábyrgð vinnuveitandans, að ákvarða hvaða ráðstafanir þarf að gera til að starfsmenn verði fyrir váhrifunum í sem allra skemmstan tíma og þeim sé tryggð vernd á meðan þeir sinna slíkum störfum.

Samkvæmt fyrstu undirgrein er skylt að sjá hlutaðeigandi starfsmönnum fyrir hlífðarfatnaði og öndunargrímum sem þeim er gert að bera svo lengi sem óeðlileg váhrif standa yfir; óheimilt er að láta starfsmenn verða fyrir váhrifunum lengi í einu og skal hver þeirra ekki verða fyrir þeim lengur en komist verður hjá.

2. Gera skal viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að svæði þau þar sem verkin, sem nefnd eru í fyrstu undirgrein 1. mgr., eru unnin séu greinilega afmörkuð og auðkennd eða að komið sé í veg fyrir það með öðru móti að aðrir hafi aðgang að svæðunum en þeir sem til þess hafa heimild.

9. gr.

Aðgangur að hættusvæðum

Vinnuveitendur skulu gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að ekki hafi aðrir aðgang að svæðunum, þar sem niðurstöður matsins sem getið er í 2. mgr. 3. gr. gefa til kynna að öryggi eða heilsu starfsmanna sé hættu búin, en þeir starfsmenn sem vegna vinnu sinnar eða verkefna þurfa að fara um þau.

10. gr.

Hreinlæti og vernd einstakra starfsmanna

1. Við hvers kyns starfsemi, sem hefur í för með sér hættu á áhrifum af krabbameins- eða stökkbreytivöldum, ber að skylda vinnuveitendur til að gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja:

- a) að starfsmenn neyti ekki matar eða drykkjar og reyki ekki á vinnusvæðum þar sem hættu er á mengun frá krabbameins- eða stökkbreytivöldum,

- b) að starfsmönnum verði séð fyrir hlífðarfatnaði eða öðrum sérstökum fatnaði við hæfi,

- c) að aðskildar geymslur séu ætlaðar fyrir vinnu- eða hlífðarföt, svo og venjuleg ígangsklæði,

- d) að starfsmönnum sé séð fyrir nægri og viðeigandi þvotta- og salernisaðstöðu,

- e) að hlífðarbúnaður sé geymdur á réttan hátt á vísu stað, hann sé athugaður og þrífinn fyrir notkun ef það er unnt og skilyrðislaust eftir að hann hefur verið notaður,

- f) að gert sé við bilaðan búnað eða skipt um hann áður en hann er notaður frekar.

2. Kostnaður af þeim ráðstöfunum, sem um getur í 1. mgr., má ekki leggjast á starfsmenn.

11. gr.

Upplýsingar fyrir starfsmenn og þjálfun þeirra

1. Vinnuveitandi skal gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að starfsmenn og/eða fulltrúar þeirra innan fyrirtækisins eða starfsstöðvarinnar fái næga og viðeigandi þjálfun, sem byggir á öllum tiltækum upplýsingum, einkum upplýsingum og leiðbeiningum um:

- a) hugsanlegt heilsutjón, þ.m.t. aukin hættu vegna tóbaksnotkunar,

- b) varúðarráðstafanir sem ber að gera til að koma í veg fyrir að menn verði fyrir váhrifum,

- c) hreinlætiskröfur,

- d) notkun hlífðarbúnaðar og –fatnaðar,

- e) ráðstafanir sem starfsmönnum, þ.m.t. björgunarmenn, ber að gera ef óhöpp verða og til að koma í veg fyrir þau.

Þjálfun þessi skal:

— löguð að nýrri og breyttri áhættu,

— og endurtekin reglulega ef þörf er á.

2. Vinnuveitendum er skylt að upplýsa starfsmenn um búnað og ílát sem innihalda krabbameins- eða stökkbreytivalda, tryggja að öll ílát, umbúðir og búnaður, sem inniheldur krabbameins- eða stökkbreytivalda, sé greinilega merktur og auðlæsilega og að setja upp viðvörðunarskilti sem sjást greinilega.

12. gr.

Upplýsingar til starfsmanna

Gera skal viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að:

- a) starfsmenn og/eða fulltrúar þeirra innan fyrirtækisins eða starfsstöðvarinnar geti fylgst með því hvort farið sé að þessari tilskipun eða séu hafðir með í ráðum við framkvæmd hennar, einkum með tilliti til:
 - i. þess hvaða afleiðingar val og notkun hlífðarfatnaðar og -búnaðar hefur á öryggi og heilsu starfsmanna en án þess að það skerði ábyrgð vinnuveitanda á því að ákvarða gagnsemi hlífðarfatnaðarins og -búnaðarins,
 - ii. þeirra ráðstafana sem vinnuveitandi gerir og nefndar eru í fyrstu undirgrein 1. mgr. 8. gr. en án þess að það skerði ábyrgð vinnuveitanda á því að ákveða slíkar ráðstafanir,
- b) starfsmenn og/eða fulltrúar þeirra innan fyrirtækisins eða starfsstöðvarinnar fái vitneskju um það ef menn verða fyrir óeðlilegum váhrifum, þ.m.t. váhrif af því tagi sem um getur í 8. gr., eins skjótt og framast er unnt, svo og um orsakir þeirra og ráðstafanir sem gerðar hafa verið eða verða gerðar til að ráða bót á ástandinu ef upplýsingar þar um eru fyrir hendi,
- c) vinnuveitandi haldi skrá yfir starfsmenn er vinna verk sem matið, sem nefnt er í 2. mgr. 3. gr., leiðir í ljós að eru hættuleg heilsu starfsmanna eða öryggi og skulu váhrifin, sem þeir hafa orðið fyrir, tilgreind í skránni ef slíkar upplýsingar liggja fyrir,
- d) lækni og/eða lögbær yfirvöld, sem og allir aðrir sem ábyrgð bera á hollustu og öryggi á vinnustöðum, hafi aðgang að skrá þeirri sem getið er um í c-lið,
- e) hver starfsmaður hafi aðgang að þeim upplýsingum í skránni sem varða hann sérstaklega,
- f) starfsmenn og/eða fulltrúar þeirra innan fyrirtækisins eða starfsstöðvarinnar hafi aðgang að sameiginlegum upplýsingum sem ekki tengjast einstaklingum.

13. gr.

Samráð við starfsmenn og þátttaka þeirra

Hafa ber samráð við starfsmenn og/eða fulltrúa þeirra og þátttaka þeirra skal tryggð í samræmi við 11. gr. tilskipunar 89/391/EBE á því sviði sem þessi tilskipun tekur til.

III. KAFLI

ÝMIS ÁKVÆÐI

14. gr.

Heilsuverndareftirlit

1. Aðildarríki skulu, í samræmi við landslög og/eða venjur, skipuleggja framkvæmd viðeigandi heilsuverndareftirlits fyrir þá starfsmenn sem matið, sem um getur í 2. mgr. 3. gr., leiðir í ljós að búa við hættu gagnvart heilsu eða öryggi.

2. Skipulagið, sem nefnt er í 1. mgr., skal vera á þann veg að hver starfsmaður geti, þegar við á, gengist undir viðeigandi heilsuverndareftirlit:

— áður en hann verður fyrir váhrifum,

— með reglulegu millibili eftir það.

Skipulagið á að vera á þann veg að án tafar sé hægt að gera hreinlætisráðstafanir er varða einstaklinga og vinnustaðinn.

3. Ef eitthvað óeðlilegt hrjáir starfsmann, og grunur leikur á að það stafi af því að hann hafi orðið fyrir áhrifum af krabbameins- eða stökkbreytivöldum, er lækni eða lögbærum yfirvöldum, sem bera ábyrgð á heilsuverndareftirliti með starfsmönnum, heimilt að krefjast þess að aðrir starfsmenn, sem hafa unnið við sömu aðstæður, gangist undir heilsuverndareftirlit.

Í þessum tilvikum ber að endurmeta hættu vegna váhrifa í samræmi við 2. mgr. 3. gr.

4. Við framkvæmd heilsuverndareftirlits skal rita skýrslu um heilsufarssögu einstaklings og ber lækni eða lögbærum yfirvöldum, sem ábyrgð bera á heilsuverndareftirliti, að leggja fram tillögur um til hvaða verndar- eða forvarnarráðstafana skuli gripið með tilliti til einstakra starfsmanna.

5. Veita ber starfsmönnum upplýsingar og ráð um heilsuverndareftirlit sem þeir eiga kost á þegar þeir verða ekki lengur fyrir váhrifunum.

6. Í samræmi við landslög og/eða venjur:

— skulu starfsmenn hafa aðgang að niðurstöðum heilsuverndareftirlits er varðar þá sjálfa og

— er hlutaðeigandi starfsmönnum eða vinnuveitanda heimilt að krefjast þess að niðurstöður heilsuverndareftirlits verði endurskoðaðar.

7. Tillögur um framkvæmd heilsuverndareftirlits með starfsmönnum eru lagðar fram í II. viðauka.

8. Tilkyнна ber lögbærum yfirvöldum um öll krabbameinstilvik sem eru, í samræmi við landslög og/eða venjur, álitin stafa af váhrifum af krabbameins- eða stökkbreytivaldi í starfi.

15. gr.

Skráahald

1. Geyma ber skrána, sem um getur í c-lið 12. gr., og skýrslurnar um heilsufarssögu einstaklinga, sem nefndar eru í 4. mgr. 14. gr., í 40 ár hið minnsta, í samræmi við landslög og venjur, eftir að starfsmaður verður ekki lengur fyrir váhrifum.
2. Sé starfsemi fyrirtækisins lögð niður skal veita ábyrgum yfirlöndum aðgang að skjölum þessum í samræmi við landslög og/eða venjur.

16. gr.

Viðmiðunarmörk

1. Á grundvelli tiltækrar vitneskju, bæði á sviði vísinda og tækni, skal ráðið setja, með tilskipunum, í samræmi við málsmeðferðina sem kveðið er á um 2. mgr. 137. gr. sáttmálans, viðmiðunarmörk fyrir alla þá krabbameins- eða stökkbreytivalda sem hægt er og, ef þörf krefur, önnur ákvæði er tengjast þeim beint.
2. Viðmiðunarmörk og önnur ákvæði sem tengjast þeim beint skulu tilgreind í III. viðauka.

17. gr.

Viðaukar

1. Einungis er heimilt að breyta I. og III. viðauka í samræmi við málsmeðferðina sem kveðið er á um í 2. mgr. 137. gr. sáttmálans.
2. Breytingar á II. viðauka, af tæknilegum toga einvörðungu, vegna tækniframfara og breytinga á alþjóðlegum reglum og forskriftum eða vegna þekkingar er snertir krabbameins- eða stökkbreytivalda, skal samþykkja í samræmi við málsmeðferðina sem kveðið er á um í 17. gr. tilskipunar 89/391/EBE.

18. gr.

Notkun gagna

Veita skal framkvæmdastjórninni upplýsingar um á hvern hátt lögbær yfirlönd einstakra ríkja hafa notað þær upplýsingar sem um getur í 8. mgr. 14. gr.

19. gr.

Tilkynning til framkvæmdastjórnarinnar

Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja síðar á því sviði sem þessi tilskipun nær til.

20. gr.

Niðurfelling

Tilskipun 90/394/EBE, eins og henni var breytt með tilskipunum sem um getur í A-hluta IV. viðauka þessarar tilskipunar, er felld úr gildi, sbr. þó skyldur aðildarríkjanna varðandi lögleiðingarfresti sem mælt er fyrir um í B-hluta IV. viðauka við þessa tilskipun. Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu tilskipunina sem tilvísanir í þessa tilskipun og skulu þær lesnar með hliðsjón af samsvörunartöflunni í V. viðauka.

21. gr.

Gildistaka.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

22. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 29. apríl 2004.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

P. COX

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

M. McDOWELL

forseti.

*I. VIÐAUKI***Skrá um efni, efnablöndur og vinnsluferli***(iii-liður a-liðar 2. gr.)*

1. Framleiðsla áramíns.
2. Störf þar sem menn verða fyrir váhrifum fjölhringa, arómatískra vetniskolefna úr kolasóti, koltjöru eða kolabiki.
3. Störf þar sem menn geta orðið fyrir váhrifum af völdum ryks, reyks og úða frá brennslu og raflausnarhreinsun koparnikkilefna (cupro-nickel).
4. Framleiðsla á ísóprópýlalkóhóli með sterkri sýru.
5. Vinna þar sem menn verða fyrir váhrifum af harðviðarryki ⁽¹⁾.

⁽¹⁾ Skrá yfir tiltekna harðviðartegundir er að finna í 62. bindi greinargerða um mat á hættu á krabbameini í mönnum sem ber yfirskriftina „Wood Dust and Formaldehyde“ (viðaryk og formaldehýð), gefið út af Alþjóðakrabbameinsrannsóknastofnuninni í Lyon 1995.

II. VIÐAUKI

Tilmæli um framkvæmd heilsuverndarefirlits með starfsmönnum (7. mgr. 14. gr.)

1. Læknir og/eða yfirvald, sem ber ábyrgð á heilsuverndarefirliti með starfsmönnum sem geta orðið fyrir váhrifum af krabbameins- eða stökkbreytivöldum, skal hafa þekkingu á aðstæðum og aðstöðu hvers þeirra.
2. Heilsuverndarefirlit með starfsmönnum skal framkvæmt í samræmi við reglur og venjur atvinnusjúkdómafræðinnar, og skal a.m.k. fela í sér eftirtalið:
 - að haldin sé skrá um heilsufarssögu og starfsferil starfsmanns,
 - persónulegt viðtal,
 - líffræðilegt efirlit, eftir því sem við á, og að veitt sé athygli þeim áhrifum sem koma fram snemma eða geta gengið til baka.

Ákveða má frekari prófanir fyrir hvern starfsmann sem er undir heilsuverndarefirliti í ljósi nýjustu þekkingar á sviði atvinnusjúkdómafræði á hverjum tíma.

III. VIÐAUKI

Viðmiðunarmörk og önnur ákvæði sem tengjast þeim beint

(16. gr.)

A. VIÐMIÐUNARMÖRK FYRIR VÁHRIF Í STARFI

Heiti áhrifavalds	EINECS ⁽¹⁾	CAS ⁽²⁾	Viðmiðunarmörk		Táknun	Bráðabirgðaráðstafanir
			mg/m ³ ⁽³⁾	ppm ⁽⁴⁾		
Bensen	200-753-7	71-43-2	3,25 ⁽⁵⁾	1 ⁽⁵⁾	Húð ⁽⁶⁾	Viðmiðunarmark: 3 ppm (= 9,75 mg/m ³) (til 27. júní 2003)
Vínýlklóríd-einliður	200-831	75-01-4	7,77 ⁽⁵⁾	3 ⁽⁵⁾	—	—
Harðviðarryk	—	—	5,0 ⁽⁵⁾ ⁽⁷⁾	—	—	—

⁽¹⁾ EINECS: European Inventory of Existing Chemical Substances (Evrópuskrá yfir íðefni á markaði).⁽²⁾ CAS: Chemical Abstract Service Number (Skráningarnúmer hjá Upplýsingaþjónustu um íðefni).⁽³⁾ mg/m³ = milligrömm á rúmmetra loftis við 20°C og 101,3 kPa (760 mm kvikasilfursþrýstingur).⁽⁴⁾ ppm = hlutar af milljón miðað við rúmmál í lofti (ml/m³).⁽⁵⁾ Mæld eða reiknuð miðað við átta stunda viðmiðunartíma.⁽⁶⁾ Verulegur hluti af heildarálagi á líkamann getur stafað af váhrifum á húð.⁽⁷⁾ Hlutfall þess sem andað er inn: ef harðviðarryk blandast saman við annað viðarryk gildir viðmiðunarmarkíð fyrir allar tegundir viðarryks sem viðkomandi blanda felur í sér.

B. ÖNNUR ÁKVÆÐI SEM TENGJAST BEINT

p.m.

IV. VIÐAUKI

A-hluti**Niðurfelld tilskipun og síðari breytingar á henni***(sem um getur í 20. gr.)*

Tilskipun ráðsins 90/394/EBE	(Stjttíð. EB L 196, 26.7.1990, bls. 1)
Tilskipun ráðsins 97/42/EB	(Stjttíð. EB L 179, 8.7.1997, bls. 4)
Tilskipun ráðsins 1999/38/EB	(Stjttíð. EB L 138, 1.6.1999, bls. 66)

B-hluti**Frestur til að leiða í lög í aðildarríkjunum***(sem um getur í 20. gr.)*

Tilskipun	Lögleiðingarfrestur
90/394/EBE	31. desember 1992
97/42/EB	27. júní 2000
1999/38/EB	29. apríl 2003

V. VIÐAUKI

SAMSVÖRUNARTAFLA

Tilskipun 90/394/EB	Þessi tilskipun
1. gr.	1. gr.
a-liður 2. gr.	a-liður 2. gr.
aa-liður 2. gr.	b-liður 2. gr.
b-liður 2. gr.	c-liður 2. gr.
3. til 9. gr.	3. til 9. gr.
a-liður 1. mgr. 10. gr.	a-liður 1. mgr. 10. gr.
Fyrsti málsliður b-liðar 1. mgr. 10. gr.	b-liður 1. mgr. 10. gr.
Annar málsliður b-liðar 1. mgr. 10. gr.	c-liður 1. mgr. 10. gr.
c-liður 1. mgr. 10. gr.	d-liður 1. mgr. 10. gr.
Fyrsti og annar málsliður d-liðar 1. mgr. 10. gr.	e-liður 1. mgr. 10. gr.
Þriðji málsliður d-liðar 1. mgr. 10. gr.	f-liður 1. mgr. 10. gr.
2. mgr. 10. gr.	2. mgr. 10. gr.
11. - 18. gr.	11.-18. gr.
Fyrsta undirgrein 1. mgr. 19. gr.	—
Önnur undirgrein 1. mgr. 19. gr.	—
Þriðja undirgrein 1. mgr. 19. gr.	—
2. mgr. 19. gr.	19. gr.
—	20. gr.
—	21. gr.
20. gr.	22. gr.
I. viðauki	I. viðauki
II. viðauki	II. viðauki
III. viðauki	III. viðauki
—	IV. viðauki
—	V. viðauki